



Sveitarstjórnarfundur 25. september 2024

Miðvikudaginn 25. september 2024 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 24. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangsnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir og Arnín Óladóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:07.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða sbr. lið nr. 13

Dagskrá 24. fundar:

1. Fundargerð 23. sveitarstjórnarfundar 24.07.2024
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Atvinnuuppbygging í Kaldrananeshreppi
5. Tillögur nefndar forsætisráðherra um málefni Stranda
6. Samþykkt um afgreiðslu byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar
7. Starfsmannaráðningar sveitarfélagsins
8. Umsókn um lóð í Kaldrananeshreppi
9. Erindi Héraðssambands Strandamanna
10. Fyrirspurn formanns Félags eldri borgara í Strandasýslu
11. Erindi Félags skógarbænda á Vestfjörðum
12. Eftirlitsskýrslur frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða
13. Kaup á bifreið slökkviliðs Húnaþings vestra

Fundargerð:

1. Fundargerð 23. sveitarstjórnarfundar 24.07.2024.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir

3. Aðrar fundargerðir

- 149. fundur Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis, 19.09.2024.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun heilbrigðiseftirlits 2025.

Borið upp og samþykkt.

- Aðalfundur Laugarhóls ehf., 23.09.2024.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að nýta ekki forkaupsrétt sinn til kaupa á hlut í félaginu.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

- Aðalfundur Sorpsamlags Strandasýslu, 30.08.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- Sjötti fundur svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, 13.08.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- Sjöundi fundur svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, 13.08.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- 54. fundargerð Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, 16.09.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- 61. stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, 12.06.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- 62. stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, 28.08.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- Samband íslenskra sveitarfélaga, 951. fundur stjórnar, 30.08.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. Atvinnuuppbygging í Kaldrananeshreppi

Fyrir liggur skýrsla frá EFLU þar sem athugað er sá möguleiki til aukinnar atvinnuuppbyggingar í Kaldrananeshreppi með tilliti til stöðu hafnarmála, iðnaðarlóða og núverandi skipulags. Sjónum var einkum beint að fjarðabeit í Steingrímsfirði en einnig þörfum minni athafnastarfsemi í sveitarfélaginu sem og öryggisþáttum.

Skýrsla lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að næstu skref séu að kynna skýrsluna fyrir landeigendum.

Borið upp og samþykkt.

5. Tillögur nefndar forsætisráðherra um málefni Stranda

Í byrjun nóvember 2023 sendu sveitarstjórnir á Ströndum erindi til forsætisráðherra og óskaði eftir því að ríkisstjórn skipi landshlutanefnd um aðgerðir á Ströndum sem lúti að fjárfestingum, verkefnum stofnana og búsetuskilyrði á Ströndum.

Tillögur nefndar forsætisráðherra um málefni Stranda liggja nú fyrir og eru þar útlistaðar fjórar aðgerðir sem nefndin leggur til að gripið verði strax í.

Skýrsla lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn þakkar Forsætisráðuneytinu fyrir frumkvæði að þessari vinnu með það að leiðarljósi að styrkja samfélögin á Ströndum sem mikil þörf er á.

Sveitarstjórn lýsir yfir vonbrigðum með skýrsluna og telur að ekki hafi verið unnið áfram með fjölda hugmynda sem komu fram í upphafi en einblínt var á verkefni sem þegar eru komin í farveg.

Þrátt fyrir góða punkta í skýrslunni telur sveitarstjórn að niðurstaðan hafi verið sú að ekki voru nýtt þau tækifæri sem til staðar eru.

Borið upp og samþykkt.

6. Samþykkt um afgreiðslu byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar

Í Kaldrananeshreppi starfar byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd sem fjallar um og samþykkir byggingarleyfi áður en byggingarfulltrúi gefur þau út. Þörf er á samþykkt í samræmi við 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 um hlutverk byggingarnefndar og sveitarstjórnar í þessum málum.

Samþykkt um afgreiðslu byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar lögð fram til afgreiðslu og staðfest.

Skrifstofustjóra falið að senda samþykkt um afgreiðslu nefndarinnar til Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og til Stjórnartíðinda í kjölfarið.

Borið upp og samþykkt.

7. Starfsmannaráðningar sveitarfélagsins

Umsókn barst á skrifstofu Kaldrananeshrepp þar sem óskað var eftir starfi í afleysingar við Sundlaugina á Drangnesi.

Helstu verkefni eru skilgreind sem:

- Öryggisgæsla og eftirlit.
- Afgreiðsla og aðstoð við viðskiptavinum.
- Eftirfylgni með umgengisreglum.
- Eftirlit með gæðum sundlaugarvatns.
- Umsjón með hreinlæti í og við laug.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið og höfum það í huga ef sú staða kemur upp.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

8. Umsókn um lóð í Kaldrananeshreppi

Hreppnum barst ein umsókn þar sem óskað var eftir því að fá leigða lóð númer 6 í landi Klúku í Bjarnarfirði.

Sveitarstjórn tekur vel í umsóknina og samþykkir að afhenda umbeðna lóð.

Skrifstofustjóri falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

9. Erindi Héraðssambands Strandamanna

Erindi barst frá Héraðssambandi Strandamanna er varðar framtíð starfs framkvæmdastjóra HSS.

Samkvæmt núverandi forsendum mun HSS ekki hafa fjárhagslega burði til að halda áfram að greiða launakostnað framkvæmdastjóra eftir áramótin 2024/2025. Er það fyrst og fremst tilkomnið vegna breytinga á lottótekjum sambandsins en tekjurnar munu skerðast um heil 90%.

Þessari nýju stöðu fylgir hætta á að sambandið og aðildafélög missi þann mikla

stuðning sem framkvæmdastjóri hefur veitt í gegnum árin við íþróttastarf og aðra menningar- og tómstundastarfsemi á svæðinu.

Biðlar því Héraðssamband Strandamanna til sveitarfélaga innan sambandsins um árlegan rekstrarstyrk til að standa straum af launakostnaði vegna hlutastarfs starfsmanns.

Hildur víkur af fundi.

Erindi lagt fram til kynningar.
Sveitarstjórn tekur vel í erindið en ákveður að afla sér frekari gagna áður en ákvörðun er tekin.
Erindi frestað til næsta fundar.
Borið upp og samþykkt.

Hildur mætir aftur á fund.

10. Fyrirspurn formanns Félags eldri borgara í Strandasýslu

Fyrirspurn barst frá formanni Félags eldri borgara í Strandasýslu er varðar þátttöku Kaldrananeshrepps í félagsstarfi eldri borgara í Félagsheimilinu.

Fyrir nokkrum árum var félagsstarf undir Félagsþjónustu Strandasýslu og Reykhóla en var fært undir tómstundamál í Strandabyggð. Formaður spyr því hvort það sé eitthvað til fyrirstöðu að Kaldrananeshreppur taki þátt í rekstri líkt og rekstri Ozon.

Erindi lagt fram til kynningar.
Sveitarstjórn ákveður að samþykkja að taka þátt í rekstri Félags eldri borgara í Strandasýslu eins og rekstri félagsmiðstöðvarinnar Ozon.
Borið upp og samþykkt.

11. Erindi Félags skógarbænda á Vestfjörðum

Erindi barst frá Félagi skógarbænda á Vestfjörðum sem stendur fyrir málþingi um málefni skógarbænda á Laugum í Sælingsdal þann 12. október í haust. Áhugaverð erindi eru á dagskrá málþingsins sem ber heitið: Skógrækt í dag, hvað ber framtíðin í skauti sér?

Málþingið er mikið og stórt verkefni sem kostar drjúg þó reynt sé að halda öllum kostnaði í lágmarki. Því leitar stjórn Félags skógarbænda á Vestfjörðum til sveitarfélaga á Vestfjörðum um stuðning við málþingið með fjárstuðningi.

Arnín víkur af fundi.

Erindi lagt fram til kynningar.
Sveitarstjórn ákveður að styrkja málþingið um 25.000kr.-
Borið upp og samþykkt.

Arnín mætir aftur á fund.

12. Eftirlitsskýrslur frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða

Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða lögð fram til kynningar og umræðu þar sem við á.

Sýni var tekið 26. ágúst sl. af neysluvatni í Fiskvinnslunni Drangi. Vatnið stóðst ekki kröfur neysluvatnsreglugerðar 536/2001. Haft var samband við vatnsveitustjóra sveitarfélagsins sem fór í viðeigandi aðgerðir.

Skýrsla lögð fram til kynningar.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

13. Kaup á bifreið slökkviliðs Húnaþings Vestra

Tilboð barst frá slökkviliði Húnaþings Vestra í slökkvibifreið af gerðinni Ford F550 að upphæð 8.000.000kr.-

Bifreiðin er í góðu standi, smíðuð á Íslandi og inniheldur 2000 lítra vatnstank, 2200 líta Ziegler dælu, tvö slönguhjól og festingar í hliðarskáp fyrir fjögur reykköfunartæki fylgja.

Tilboð lagt fram til kynningar.
Sveitarstjórn ákveður að heimila slökkviliðsstjóra til að semja um kaup á bifreið slökkviliðs Húnaþings Vestra allt að 8.000.000kr.- með þeim fyrirvörum sem ræddir voru á fundi.
Slökkviliðsstjóra falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið klukkan 22:27